

Lög

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr.
40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 6. desember 1995.